

Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 19. nóvember 2019
erindi nr. 201904142 FMR

Tilkynning um afgreiðslu á erindinu: Umsagnir frá Alþingi - bæjarráð

Á 3113. fundi Bæjarráðs Vestmannaeyja þann, 19.11.2019, var erindið hér að neðan tekið til umfjöllunar og svohljóðandi bókun gerð:

Til umræðu var beiðni Alþingis um umsagnir um tillögu til þingsályktunar um þyrlupall í Vestmannaeyjum. Samkvæmt tillögunni er samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra falið að gera ráðstafanir til að Isavia geti hannað og staðsett þyrlupall á Heimaey til að auka enn frekar öryggi í sjúkra- og neyðarflugi til Vestmannaeyja og verkinu verði lokið eigi síðar en árið 2021.

Niðurstaða

Bæjarráð tekur undir með flutningsmönnum tillögunnar og telur mikilvægt að grípa til ráðstafana til að tryggja örugga sjúkraflutninga í neyðartilvikum og stytta viðbragðstímann. Ljóst er að núverandi fyrirkomulag með staðsetningu sjúkraflugs á Akureyri er óásættanlegt.

Virðingarfyllt



Fjola Margrét Robertsdóttir
Þjónustufulltrúi



VESTMANNAEYJABÆR

Vestmannaeyjum, 17. nóvember 2023
Erindi nr. 201904142 FMR

Viðtakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd

Efni: Umsögn Vestmannaeyjabæjar um tillögu til þingsályktunar um þyrlupall á Heimaey

Númer þingmáls: 75


Bæjarráð Vestmannaeyja tekur undir tillögu til þingsályktunar sem lögð var fram að nýju á 154. löggjafarþingi án breytinga (75. mál) og hefur nú verið vísað til umsagnar í umhverfis- og samgöngunefnd.

Bæjarráð Vestmannaeyja telur afar brýnt að innviðaráðherra verði falið að gera nú þegar ráðstafanir til að Isavia geti hannað og staðsett þyrlupall á Heimaey til að tryggja megi öryggi í sjúkra- og neyðarflugi til Vestmannaeyja eins og kostur er. Greinargerð sem fylgir umræddri þingsályktunartillögu lýsir vel þeirri stöðu sem uppi er varðandi sjúkra- og neyðarflug til Vestmannaeyja.

Jafnframt vísar bæjarráð Vestmannaeyja til fyrri umsagna Vestmannaeyjabæjar um mikilvægi þess að útbúa umræddan þyrlupall. Annars vegar er um að ræða umsögn frá 19. nóvember 2019 og send nefndarsviði Alþingis og hins vegar umsögn sem einnig var send nefndarsviði Alþingis þann 4. mars 2021

Virðingarfyllst, f.h. bæjarráðs

Drifa Gunnarsdóttir



Fylgigögn:

Umsögn bæjarráðs Vestmannaeyja 19. nóvember 2019

Umsögn bæjarráðs Vestmannaeyja 4. mars 2021

Umsögn Vestmannaeyjabæjar um tillögu til þingsályktunar um þyrlupall á Heimaey

Bæjarráð Vestmannaeyja tekur undir tillögu til þingsályktunar um gerð þyrlupalls á Heimaey, 144. mál, sem lögð hefur verið fram af hálfu sex þingmanna Suðurkjördæmis.

Bæjarráð tekur undir mikilvægi þess að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að gera nú þegar ráðstafanir til að Ísavia geti hannað og staðsett þyrlupall á Heimaey til að auka enn frekar öryggi í sjúkra- og neyðarflugi til Vestmannaeyja.

Jafnframt vísar bæjarráð Vestmannaeyja til fyrri umsagnar bæjarins um mikilvægi þess að útbúa umræddan þyrlupall, sem afgreidd var á fundi bæjarráðs þann 19. nóvember 2019 og send nefndarsviði Alþingis í framhaldi:

3. Umsagnir frá Alþingi - bæjarráð - 201904142

Til umræðu var beiðni Alþingis um umsagnir um tillögu til þingsályktunar um þyrlupall í Vestmannaeyjum. Samkvæmt tillögunni er samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra falið að gera ráðstafanir til að Ísavia geti hannað og staðsett þyrlupall á Heimaey til að auka enn frekar öryggi í sjúkra- og neyðarflugi til Vestmannaeyja og verkinu verði lokið eigi síðar en árið 2021.

Niðurstaða

Bæjarráð tekur undir með flutningsmönnum tillögunnar og telur mikilvægt að grípa til ráðstafana til að tryggja örugga sjúkraflutninga í neyðartilvikum og stytta viðbragðstímann. Ljóst er að núverandi fyrirkomulag sem miðstöð sjúkraflugs á Akureyri er ósættanlegt.